

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 393/1993.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Jóhannesi Eyfjörð Eiríkssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Líkamsárás.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 18. ágúst 1993. Krefst ákærði sýknu, en af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá hefur Viðar Jónsson gert skaðabótakröfu í málinu, að fjárhæð 277.000 krónur auk dráttarvaxta, og ber samkvæmt 173. og 174. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála að taka hana til meðferðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð tvö ný gögn. Er þar um að ræða áverkavottorð Stefáns Carlssonar, lækni á Borgarspítala, vegna ákærða og vottorð Þórarins Tyrfingssonar, yfirlækni S.Á.Á. Í áverkavottorðinu segir m.a.: „... Hann er með um 2 cm skurð yfir hægri gagnauga. Skurðurinn er grunnur“. Þá er þess getið í vottorðinu að sárið hafi verið saumað saman með þremur húðsaumum. Í vottorðinu frá S.Á.Á. er þess getið, að ákærði hafi verið í meðferð á sjúkrahúsinu Vogu frá 24. ágúst til 2. september 1992 og á endurhæfingarstöðinni að Staðarfelli frá 4. september til 2. október sama ár.

Málavöxtum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi. Með játningu ákærða og skýrslum vitna, sem raktar eru í héraðsdómi, er sannað, að ákærði lagði til Viðars Jónssonar með hnífi og að hnífslagið kom í bak Viðari á vinstra herðablað. Ekki verður slegið föstu hvor þeirra átti upptök að sjálfum átökunum, þótt rót þeirra megi rekja til þess, er ákærði lét sig falla utan í bifreið Viðars. Ósannað er, að ákærði hafi brugðið hnífnum fyrr en Viðar hafði slegið hann

með glasinu. Rannsókn á fötum ákærða sýnir, að honum blæddi verulega, og kveðst hann hafa misst stjórn á sér við þetta og gripið til hnífsins, sem hann hafi borið á sér vegna vinnu sinnar. Hnífur þessi hefur verið sýndur í réttinum, og verður við það að miða, að hann sé hættulegt vopn, þótt áverk Viðars hafi ekki reynst mikill. Með þessum athugasemdum og annars með skírskotun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann um sekt ákærða og færslu brota til ákvæða 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá ber að staðfesta afgreiðslu héraðsdóms á skaðabótakröfu Viðars Jónssonar. Færa ber þó miskabætur til hans niður í 70.000 krónur, þar sem engin gögn liggja fyrir um kröfuna önnur en áverkavottorð.

Pegar refsiviðurlög eru ákveðin, ber til þess að líta, að atлага ákærða að Viðari Jónssyni gat verið stórhættuleg. Hins vegar verður við það að miða, eins og sönnunaraðstaða er í máli þessu, að Viðar hafi áður slegið hann í andlitið með glasi. Ákærði hefur ekki áður gerst sekur um refsilagabrot, og framkoma hans við rannsókn og meðferð málsins var óaðfinnanleg. Hann reyndi að hafa samband við Viðar og bjóða fram bætur. Með ofangreind sjónarmið í huga og með vísan til 4. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í átta mánuði, en fresta má fullnustu sex mánaða af fangelsistímanum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Eyfjörð Eiríksson, sæti fangelsi í átta mánuði. Fresta skal fullnustu sex mánaða af fangelsisrefsingunni og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Viðari Jónssyni 144.000 krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 21. ágúst 1992 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlauð skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmans, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. ágúst 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 11. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-217/1992: Ákærvaldið gegn Jóhannesi Eyfjörð Eiríkssyni sem tekið var til dóms 10. sama mánaðar.

Málið er höfðað á hendur ákærða, Jóhannesi Eyfjörð Eiríkssyni, Laugarnesvegi 92, Reykjavík, kt. 300163-5489, „fyrir líkamsárás og eignaspjöll, framin aðfaranótt sunnudagsins 16. ágúst 1992 við Bankastræti 3 í Reykjavík, svo sem hér greinir:

I.

Ráðist á Viðar Jónsson, kt. 051147-3089, og lagt til hans með hnífi og kom lagið í bak hans, og hlaut hann 5 sm langan skurð yfir vinstra herðablaði, en skömmu áður hafði komið til átaka milli þeirra og var Viðar að flýja undan ákærða inn í bifreið sína er ákærði lagði til hans með hnífnum.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

II.

Valdið skemmdum á bifreiðinni JI-973 eftir að nefndur Viðar hafði flúið inn í hana, sbr. lið I, með því að sparka í bifreiðina svo að vinstri afturhurð hennar dælaðist.

Telst þetta varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu gerir Viðar Jónsson bótakröfu, samtals að fjárhæð 323,575 kr. auk vaxta“.

Málavextir.

Aðfaranótt sunnudagsins 16. ágúst sl. voru lögreglumenn á ferð í bifreið í Bankastræti og sáu þá hvar maður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, stóð og sparkaði í kyrrstæða fólksbifreið. Fóru lögreglumennirnir til og

handtóku manninn. Þá gaf sig fram Viðar Jónsson, kt. 051147-3089, Hlíðarvegi 38 í Kópavogi, og sagðist halda, að ákærði hefði stungið sig í bakið með hnífi. Var Viðar blóðugur á bakinu. Viðar var fluttur á slysadeild Borgarspítalans í lögreglubifreið og reyndist hann vera með grunnt sár yfir vinstra herðablaði. Var það skeifulaga og rúmlega 5 sm að lengd, tæpa 10 sm frá hryggsúlu. Sárið náði inn að herðablaði, en hvergi inn úr brjóstvegg. Þá var Viðari tekið blóð til alkóhólrannsóknar og reyndist það hafa að geyma 1,62% af alkóhóli.

Ákærði var færður á slysadeild og tekið blóð til rannsóknar. Reyndust í því 2,20% af alkóhóli.

Bifreið sú, sem um ræðir, er af gerðinni Toyota Camry, árgerð 1987. Vinstri afturhurð á henni reyndist vera nokkuð dælduð og voru skemmdir á henni metnar á 86.575 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Fatnaður Viðars og ákærða var tekinn til rannsóknar og reyndust jakki Viðars og skyrti vera skorin og blóðug á baki eftir hnífslagið. Þá var fatnaður ákærða blóðugur, aðallega á bringu.

Við rannsókn málsins hjá lögreglu varð uppvíst, að ákærði hafði rétt hnífinn nærstöddum manni, sem hann hafði hitt á vettvangi, og hafði sá maður komið hnífnum undan að beiðni ákærða. Hnífurinn fannst í göturæsi í Bólstaðarhlíð eftir tilvísun mannsins, sbr. hér á eftir. Reyndist það vera vasahnífur, 17,8 sm að lengd með 7,8 sm löngu blaði, og hafði ákærði borið hnífinn í sérstöku slíðri við belti sér. Ekki var hnífurinn blóðugur að sjá en agnir úr naglarrauf á hnífsblaði gáfu „jávæða svörun við blóðprófi“.

Viðar Jónsson hefur skýrt frá því að hann hafi verið að koma út af veitingastaðnum Borgarvirkinu og gengið út að bíl sínum og sest í hann. Þar hafi verið fyrir kunningjar hans tveir, þeir Magnús Sigurðsson og Þórir Úlfarsson. Hafi Magnús haft orð á því, að maður, sem stóð götu megin við bílinn, hefði verið að gera sér leik að því að láta sig detta utan í bílinn. Kveðst Viðar hafa stigið út úr bílnum og séð þar tvo menn, ákærða, sem hallaði sér upp að bílnum, og annan, sem hefði dregið sig í hlé. Kveðst Viðar hafa spurt þann fyrrnefnda hvort ekki væri allt í lagi með hann og hafi maðurinn þá æst sig upp og veist að sér fyrirvaralaust. Hafi hann komið framan að sér og tekið með annarri hendi aftur fyrir háls sér og lagt brugðinn hníf þéttingsfast að hálsinum framanverðum. Hafi maðurinn haldið hnífnum þannig að hálsinum nokkra stund, en Viðar kveðst hafa reynt að róa manninn og sagt að hann hefði verið að spila í Borgarvirkinu og ekkert til saka unnið. Um síðir hafi maðurinn linað tak sitt og kveðst Viðar þá hafa slegið ákærða í andlitið með glasi sem hann hafi haldið á. Hann hafi á þann hátt losnað frá manninum, sem hafi elt sig einn eða tvo hringi kringum bílinn. Kveðst

hann hafa tekið flösku, sem hann hefði verið með í buxnastrengnum, og reitt á loft til þess að verja sig, en svo náð að komast inn um vinstri afturdyr bílsins, en um leið fengið þungt högg á bakið. Hafi hann skellt á eftir sér bílhurðinni og læst. Hann hafi fundið að hann dofnaði upp í bakinu, og svo fundið að sér blæddi úr stungusári á bakinu. Ákærði hafði þá hafið að sparka í bílinn, í hurðarhúininn og sjálfa hurðina og svo víðar í bílinn. Virtist vitninu ákærði vera að reyna að brjótast inn í bílinn. Eftir að hafa gert þetta um stund hafi ákærði hætt og kveðst hann þá hafa hætt á að opna bílinn til þess að kalla á hjálp, en ákærði, sem var skammt undan, hafi komið strax að og reynt að komast inn í bílinn. Hafi hann svo verið handtekinn.

Vitnið skýrir frá því að eftir atburðinn hafi hann verið mjög hræddur, átt erfitt með svefn og séð hnífamann í hverju horni. Hafi hann ekki getað sofnað heima hjá sér. Þetta ástand hafi varað í um hálfan mánuð, en ennþá komi það fyrir að hann verði andvaka út af þessu. Kveður vitnið sér mest hafa orðið um að maðurinn reyndi að komast inn í bílinn og ná til sín eftir að hann hafði stungið vitnið. Þá skýrir hann frá því að sárið hafi rifnað upp innvortis nokkru seinna og valdið vitninu þjáningum.

Ákærði, sem kennir siglingar, hefur skýrt frá því hjá rannsóknarlögreglu, að hann hafi verið að koma af veitingastað á Klapparstíg og orðinn ofurölvi, enda búinn að drekka um tvo lítra af bjór og hálfan viskípela og jafnvel eitthvað meira. Muni hann næsta lítið af atburðum næturinnar. Hann muni þó eftir að hafa verið í slagsmálum og verið með hnífinn á lofti og að hafa fengið högg á höfuðið. Þá muni hann eftir að hafa stungið mann með hnífnum í bakið og að hafa rétt öðrum manni hnífinn. Hann muni ekki hvort hann hafi sagt nokkuð við þann mann. Þá muni hann ekki eftir því að hafa haldið hnífnum að hálsi kærands og eins muni hann ekki eftir því að hafa sparkað í bíl. Ákærði kveðst halda að hann hafi ekki ætlað að stinga manninn heldur aðeins ætlað að ógna honum með hnífnum.

Hér fyrir dómi hefur hann skýrt frá því að hann hafi gengið niður Bankastræti og þá rekist óvart utan í kyrrstæðan bíl sem þar var. Þar skammt frá hafi hann einnig hitt fólk sem hann þekkti, Jón Hrafn Hlöðversson og Elsu Gísladóttur. Fólk, sem sat í bílnum, hafi eitthvað verið að finna að því, að hann hefði rekist utan í bílinn, og kveðst hann þá hafa látið sig detta utan í bílinn í einhverjum fíflaskap. Þá hafi Viðar Jónsson komið aðvífandi og fundið að þessu. Einhver átök hafi orðið með þeim og man ákærði næst að hann sat í götunni með sár á gagnauga eftir högg frá Viðari. Ákærði kveðst hafa reiðst heiftarlega, staðið upp og elt Viðar, sem hafi tekið upp flösku til varnar sér, en sjálfur hafi hann tekið upp hníf, sem hann ber á sér vegna siglingakennslunnar, og kveðst hann muna eftir því að hafa stungið hníf-

um í Viðar. Ekki kveðst hann muna nákvæmlega hvernig þeir stóðu þegar hann stakk Viðar. Þá kveðst ákærði muna að hafa veist að bifreið Viðars og sparkað í hana. Ákærði vefengir þá frásögn Viðars að hann hafi tekið hann taki og brugðið hnífnum að hálsi hans áður en Viðar sló hann með glasinu.

Ákærði kveðst hafa átt við áfengisvandamál að stríða þegar þetta varð og vill hann skýra athafnir sínar með þeim svo og vinnuálagi. Hann vill taka það fram að hann hafi skynjað það að sér hafi stafað ógn af Viðari.

Elsa Dóróthea Gísladóttir, sem er fyrrverandi eiginkona ákærða, hefur skýrt frá því hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins að hún hafi verið á gangi í Bankastræti ásamt kærasta sínum, Jóni Hrafn Hlöðverssyni, og þá hitt ákærða mjög drukinn. Hafi hann dottið utan í kyrrstæðan bíl, sem tveir hafi setið í, um leið og þau heilsuðust. Hafi bílverjar fundið að þessu, en ákærði þá brugðist við því með því að láta sig falla aftur á bílinn og haldið áfram að tala við þau. Bíleigandinn hafi komið þarna að með glas í hendi og verið ógnandi í garð ákærða. Hafi hann kvartað undan því, að ákærði hefði lagst utan í bílinn, og spurt hvort hann hefði verið að skemma bílinn. Hafi þeir farið að deila og verið mjög æstir og svo tekist á. Þau Jón Hrafn hafi ákveðið að koma sér í burtu. Hafi hún séð þá standa hvorn andspænis öðrum og virtist ákærði halda utan um háls bíleigandans með hægri hendi eða efri hluta líkama hans. Þegar þau Jón Hrafn hafi verið búin að ganga nokkur skref hafi þau heyrt hávaða og snúið sér við. Kveðst hún þá hafa séð hvar glas bíleigandans féll í brotum á götuna. Virtist henni ákærði hafa orðið fyrir glasinu og blæddi úr andliti hans. Bíleigandinn hafi tekið á rás og ákærði á eftir honum en þeir svo numið staðar á gangstéttinni við bílinn og hafi sá fyrrnefndi tekið upp áfengisflösku úr vasa sínum og reitt upp með vinstri hendi. Þannig hafi þeir staðið um stund en bíleigandinn svo hlaupið fram fyrir bílinn og svo inn í bílinn um vinstri afturdyr. Hún viti ekki hvað ákærði hafi aðhafst næst en hann hafi verið hamslaus af bræði. Hann hafi svo byrjað að sparka í afturhurðina vinstra megin svo að á henni sá. Þá hafi hann einnig sparkað í afturljós bílsins nokkrum sinnum en svo komið til þeirra Jóns Hrafn. Bíleigandinn hafi opnað bíldyrnar og kallað til lögreglu sem hafi komið strax. Vitnið kveðst ekki hafa séð hníf í fórum ákærða en hún hafi ekki fylgst óslitið með atburðinum.

Vitni þetta dvelst erlendis og hefur ekki komið fyrir dóm. Þykir ekki varhugavert að meta þessa skýrslu hennar fullgilda, sbr. 3. mgr. 48. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Jón Hrafn Hlöðversson, sem áður er nefndur, hefur sagt, að þau Elsa Dóróthea hafi hitt ákærða, mjög ölvaðan, í Bankastræti. Hafi þau Elsa og ákærði tekið tal saman. Ákærði hafi dottið á kyrrstæðan fólksbíl og hafi

fólk í bílnum fundið að því. Hafi ákærði þá eins og í stríðni látið sig detta aftur á bílinn. Eftir nokkrar mínútur hafi borið þar að mann með glas í hendi sem hefði spurt ákærða hvort hann hefði verið að sparka í bílinn. Hafi þetta orðið að rifrildi milli þeirra og kveður Jón Hrafn þau þá hafa lagt af stað upp götuna. Hafi þeir ákærði og maðurinn virst vera í hálfgerðum faðmlögum. Ekki hafi þau gengið lengi þegar heyrst hafi hvellur og þegar vitnið leit við hafi hann séð hvar glasið, sem maðurinn hafði haldið á, lá við fætur ákærða. Hélt ákærði um höfuðið og virtist blæða úr honum. Næst sá vitnið, að þeir ákærði og maðurinn stóðu hvor andspænis öðrum á gangstéttinni og að maðurinn þreif flösku úr buxnastreng sínum og reiddi á loft. Maðurinn hafi svo hlaupið fram fyrir bílinn og komist inn í hann vinstra megin að aftan og ákærði á eftir honum. Ekki sá vitnið hvort ákærði náði manninum en hann hafi farið að sparka í bílinn. Kveðst vitnið hafa gengið í áttina til ákærða og beðið hann um að hætta þessu og sagt að lögreglan væri að koma. Hafi ákærði þá komið og rétt honum samanbrotinn hníf og hvíslað að hann skyldi taka við hnífnum. Kveðst hann hafa tekið við hnífnum og stungið á sig. Hafi hann fleygt hnífnum niður í göturæsi í Bólstaðarhlíð skammt frá heimili sínu.

Magnús Sigurðsson, kunningi Viðars Jónssonar, hefur skýrt frá því að þeir Þórir Úlfarsson hafi verið á veitingastofunni Borgarvirkinu þar sem þeir Viðar og Þórir leiki á hljóðfæri. Þeir Þórir hafi farið á undan út í bílinn og hafi hann sest í vinstra aftursæti en Þórir í farþegasætið frammi í. Hafi þá þrjú ungmenni staðið á tali hjá bílnum. Hafi þeir ekkert gefið sig að þessu fólki. Þegar hann hafi verið nýsestur inn í bílinn hafi piltur, einn af þeim þremur, dottið utan í vinstri afturhurðina. Kveðst vitnið hafa litið á hann og hafi pilturinn þá skellt sér tvisvar utan í bílinn aftur, eins og af ráðnum hug. Hvorugur þeirra Þóris hafi sagt neitt við fólkið en þegar Viðar hafi verið sestur út í bílinn, kveðst vitnið hafa sagt honum frá þessu og að hann ætti að athuga hvort bíllinn hefði skemmst nokkuð við þetta. Hafi Viðar farið úr bílnum og gengið að piltinum og tekið hann tali í stað þess að huga að því hvort bíllinn hefði skemmst. Kveðst vitnið ekki hafa séð til þeirra þar sem hann sat en svo litið um öxl til þeirra og þá séð að þeir stóðu í einhvers konar faðmlögum svo sem hálfan metra fyrir aftan bílinn, götu megin. Skyndilega hafi Viðar eins og rétt upp hendurnar og slegið til piltins með glasi sem hann hélt á og hlaupið fyrir aftan bílinn upp á gangstéttina og pilturinn á eftir honum. Hann hafi numið staðar á móts við miðjan bílinn, snúið sér við og tekið flösku, sem hann bar í buxnastrengnum, og borið fyrir sig eins og til að verjast. Pilturinn hafi staðið fyrir framan Viðar og verið með vinstri höndina útrétta í átt að Viðari. Hann hafi hörfað þegar

Viðar tók upp flöskuna og hafi Viðar þá komist fram fyrir bílinn og að vinstri afturdyrum, sem vitnið hafði opnað fyrir honum. Viðar hafi stungið sér inn í bílinn en vitnið kveðst hafa orðið fyrir honum og tafið fyrir. Hann hafi ekki séð hvort pilturinn elti Viðar, en eftir að Viðar hafði læst bílhurðinni hafi pilturinn farið aftur fyrir bílinn og barið og sparkað í rúðuna og hurðina. Vitnið kveðst hafa séð þegar pilturinn var við afturhurðina að hann hélt á einhverju sem líktist hnífsblaði og sneri blaðið upp og inn með hægri framhandlegg. Hafi þetta verið í eina skiptið sem hann hafi séð eitthvað sem líktist vopni hjá piltinum. Þegar pilturinn hafði sparkað í afturhurðina hafi hann gengið aftur fyrir bílinn og sparkað í hann þar, líkast því að hann væri að reyna að brjóta afturljósin. Lögreglan hafi svo sést koma og hafi Viðar opnað dyrnar á bílnum og kallað „lögreglan“.

Vitnið Gunnar Sigurðsson stóð á lengdar í Bankastræti þegar átökin urðu. Segist hann muna mjög óljóst eftir atvikum en telur að ákærði og hinn maðurinn hafi verið í átökum við bílinn. Segist hann hafa séð eitthvað í hendi ákærða, og virtist vitninu ákærði stinga manninn í síðuna eða bakið með þessu. Í framhaldi af því hafi mennirnir hlaupið umhverfis bílinn. Hinn maðurinn hafi svo komist inn í bílinn en ákærði reynt að hindra það með því að halda hurðinni. Hafi maðurinn komist inn í aftursætið vinstra megin. Vitnið kveðst ekki hafa séð hann stinga eða berja manninn þá. Ákærði hafi svo sparkað í hurðina á bílnum og afturendann á honum.

Vitnið Ríkharður Sigurðsson var einnig staddur í Bankastræti og kveðst hafa séð að átök urðu með tveimur mönnum. Hafi annar, yngri maðurinn, slegið hinn í bakið, að því er vitninu virtist. Þeir hafi síðan hlaupið í kringum bílinn og hafi sá eldri þeirra, sem komið hafði út úr Borgarvirkinu, reynt að verja sig með flösku. Hafi sá komist inn í bílinn en hinn ráðist á bílinn með spörkum. Vitnið kveðst ekki hafa séð að yngri maðurinn hafi haft neitt í hendinni. Vitnið kveðst ekki hafa séð að yngri maðurinn hafi náð eldri manninum, áður en sá komst inn í bílinn. Vitnið segist ekki muna það að eldri maðurinn hafi haft glas í hendi og ekki hafa séð eldri manninn slá til hins yngra, nema þá að hann hafi gert það með flöskunni.

Vitni þessi tvö voru óskilrík hér fyrir dóminum og vætti þeirra óljóst og einurðarlítið.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða og skýrslum vitna, sem raktar hafa verið hér að framan, er sannað, að ákærði lagði til Viðars Jónssonar með hnífi og að hníflagið kom í bak Viðari á vinstra herðablað eins og lýst hefur verið. Ekki verður neinu slegið föstu um það hvernig átök þeirra hófust. Þá þykir ekki alveg óhætt að telja sannað að ákærði hafi brugðið hnífinum fyrr en

Viðar hafði slegið hann með glasinu. Hefur ákærði með þessu athæfi orðið sekur um brot á 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1981.

Þá er á sama hátt sannað að ákærði olli skemmdum á bíl Viðars með því að sparka í hann svo að vinstri afturhurð dældaðist. Hefur hann með þessu orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga.

Viðar Jónsson hefur gert fébótakröfu á hendur ákærða og hefur hann lækkað hana frá því sem greinir í ákæru. Er hún sem hér segir:

Skemmdir á bíl	kr.	40.000
Fataskemmdir	-	20.000
Vinnutap	-	17.000
Miski	-	200.000
Samtals	kr.	277.000

Þá krefst hann vaxta og dráttarvaxta af þessari fjárhæð samkvæmt 7. og 15. gr., sbr. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Ákærði hefur mótmælt miskabótakröfunni en samþykkt að greiða sanngjarnar bætur fyrir tjón á bílnum að frádregnum bótum fyrir skemmdir á afturljósum sem séu ósannaðar. Þá samþykkir hann að greiða fyrir fata-skemmdir og vinnutap eins og krafist er.

Eins og ákæru er háttað verður ákærði ekki dæmdur til þess að greiða bætur fyrir afturljós, og þykir hæfilegt að dæma hann til þess að greiða 37.000 krónur fyrir tjón á bílnum, 20.000 krónur fyrir fataskemmdir, 17.000 krónur fyrir vinnutap og 100.000 krónur fyrir miska, eða 174.000 krónur alls, ásamt dráttarvöxtum frá kröfudegi, 21. ágúst 1992, til greiðsludags.

Viðurlög.

Ákærði hefur ekki gerst sekur um refsilagabrot áður og hefur framkoma hans við rannsókn og meðferð málsins verið óaðfinnanleg. Á hitt er aftur á móti að líta að ákærði stakk flýjandi mann í bakið, að atлага hans var beinlínis lífshættuleg og hending réð að ekki hlaut af voði. Er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Þykir ekki fært að skilorðsbinda refsingu fyrir svo hættulegt brot.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda sínum, Guðmundi Kristjánssyni hdl., 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhannes Eyfjörð Eiríksson, sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði greiði Viðari Jónssyni 174.000 krónur í skaðabætur ásamt dráttarvöxtum frá 21. ágúst 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda sínum, Guðmundi Kristjánssyni héraðsdómslögmanni, 80.000 krónur.
